

FRÉTTABRÉF VEIÐIFÉLAGS JÖKLU

Pistill formanns

Starfsemi veiðifélagsins síðasta árið hefur verið svipuð og vanalega. Félagið stóð fyrir tiltektardegi 8. júlí á síðasta ári sem endaði með góðri samveru í Hálsakoti. Fáir landeigendur mættu í tiltektina en sjálfbóðaliðar frá SEEDS samtökunum björguðu málum. Það er mikilvægt að landeigendur og veiðifélagið hjálpist að við að halda umhverfi árinna snyrtilegu og hugi að merkingum, veiðislóðum og -stígum áður en veiði hefst.

Á aðalfundi í vor var samþykkt að greiða áfram 70% af leigugjaldi í arð til veiðiréttarhafa og munu þær krónur skila sér fyrir árslok. Ekki er útlit fyrir að yfirfall trufla veiði fyrir en seint í ár og því ætti arðurinn að verða með mesta móti.

Sumarið 2023 var stutt en gott veiðisumar. Yfirfallið kom snemma og var Jökla sjálf aðeins veiðanleg í 39 daga en skilaði samt 465 löxum, 55 af þeim komu á land á síðustu tveimur veiðidögum í septemberlok þegar yfirfallið var búið. Viðvarandi vatnsleysi í Kaldá og Laxá leiddi til lítillar veiði í þeim eftir að Jökla varð óveiðanleg í ágústbyrjun. Alls veiddust 524 laxar á Jöklausvæðinu og aðeins 5 af þeim í Fögruhlíðará. Silungsveiði

var svipuð og árið á undan eða um 350 skráðir fiskar að Fögruhlíðará meðtalinni. Hólaflúð, Teigsbrot og Svelgur voru aflahæstu veiðistaðirnir og veiði neðan Steinboga hélt áfram að vaxa milli ára. Um 38 þúsund eins árs seiðum var sleppt í Jöklu en 53 þúsund gönguseiðum í þverár. Er það í samræmi við breyttar áherslur til að tryggja veiði í þveránum þegar yfirfall hindrar veiði í Jöklu. Seiðarannsóknir sýna að náttúruleg hrygning í Jöklu eykst ár frá ári og seiðin dafna vel. Áfram verður sleppt smáseiðum á völdum stöðum í ánni til að auka útbreiðslu en meira púður sett í öflug gönguseiði í Laxá, Fossá og Kaldá. Fiskræktaráætlun gerir ráð fyrir þessu næstu fimm árin.

Leigutaki hefur haldið áfram að bæta aðstöðu fyrir veiðimenn og starfsfólk í Hálsakoti. Í vor var m.a. skipt um þak á aðalhúsinu og gengið frá breyttri sturtuðstöðu í hverju svefnhúsi.

Sérfræðingar hjá Haf og vatn hófust handa á síðasta ári við rannsóknir vegna búsvæðamats og botnngerðarskoðunar í Jöklu. Þeim verður framhaldið í sumar og stendur Landsvirkjun straum af kostnaðinum skv. samkomulagi við félagið. Búsvæðamatið ætti að liggja fyrir árið 2025 en það er mikilvæg forsenda þess að uppfæra arðskrá.

Ég vil að lokum þakka stjórn, veiðiréttarhöfum, leigutaka og öðrum fyrir gott samstarf. Og vona að sem flestir sjái sér fært að líta í grill í Hálsakoti 5. júlí næstkomandi til spjalls og ráðagerða.

Þorvaldur P. Hjarðar, formaður stjórnar



Einn af fyrstu löxunum úr Jöklu sumarið 2024, falleg hrygna sem tók hjá Richard Gibbs í miklu vatni í Hólaflúðinni um hádegisbil 28. júní. Þröstur leigutaki er með á myndinni.

Frá aðalfundi veiðifélagsins 2024

Aðalfundur Veiðifélags Jökulsár á Dal fyrir árið 2024 var haldinn á Skjöldólfsstöðum 27. apríl. Aðalfundinn sóttu sautján manns að gestum meðtöldum. Fundarmenn fóru með atkvæðisrétt 22 veiðiréttarhafa af 74 og þar af voru skrifleg umboð 10.

Helstu niðurstöðutölur ársreiknings 2023:

Tekjur	5.714.091 kr.
Gjöld	4.468.641 kr.
<u>Fjármagnsliðir</u>	<u>225.564 kr.</u>
Rekstrarafgangur	1.471.014 kr.
Eigið fé í árslok	8.765.893 kr.

Arðgreiðsla vegna ársins 2023 nam 70% af leigutekjum. Á aðalfundinum var samþykkt að

halda því hlutfalli fyrir árið 2024. Leigutekjur 2023 voru umtalsvert lægri en árið á undan þar sem Jökla var aðeins veiðanleg í 39 daga. Miðað við horfur á yfirfalli þetta árið gætu tekjurnar orðið hærri en nokkru sinni í ár.

Kosið var um tvö sæti í stjórn. Gáfu bæði Halla og Lárus Brynjar kost á sér til endurkjörs og önnur framboð voru engin. Varamenn til eins árs voru endurkosnir: Agnar Benediktsson (1.), Þorsteinn P. Gústafsson (2.) og Stefanía Karlsdóttir (3.). Engar breytingar urðu á nefndaskipan og skoðunarmenn voru endurkjörnir.

Fundargerð og ársreikning er hægt að skoða á heimasíðu félagsins, www.jokla.org.

Laxveiðin og seiðasleppingar 2006-2023

Ár	Laxveiði Jökla	Laxveiði Laxá	Laxveiði Kaldá	Laxveiði Fögrh.á	Laxveiði Alls	Fjöldi gönguseiða	Sumaralin smáseiði	1 árs smáseiði
2006					0	4.000		
2007	12	15	75	20	122	40.000		
2008	56	48	59	22	185	41.000	7.000	
2009	35	128	93	63	319	42.700	42.000	
2010	96	91	118	44	349	67.000	25.550	35.000
2011	293	83	131	58	565	55.800	27.050	6.600
2012	177	40	121	49	387	66.100		22.500
2013	282	48	55	26	411	68.000		38.000
2014	186	36	50	34	306	69.500	44.000	21.000
2015	605	61	65	85	816	26.000	23.500	41.600
2016	372	30	82	100	584	33.650		49.000
2017	250	29	37	34	350	28.200	52.400	61.050
2018	410	73	31	14	528	23.000		105.600
2019	311	54	16	13	394	27.000		93.000
2020	824	23	13	10	870	24.000		51.200
2021	504	19	12	8	543	36.500		55.235
2022	764	17	18	3	802	40.000		34.200
2023	465	27	27	5	524	53.400		38.200
Alls	5642	822	1003	588	8055	745.850	221.500	652.185

Styrkveitingar



Veiðifélagið fékk engan styrk úr Fiskræktarsjóði í ár fremur en í fyrra. Engu að síður ætlar félagið áfram að styðja við framkvæmdir til að bæta aðgengi veiðimanna. Hámarksupphæð sem hægt er að sækja um í slóðagerð eða aðrar umbætur er 200.000 kr. Hærri fjárhæð er hægt að veita til sértækra stærri verkefna. Þeir sem hyggja á framkvæmdir eru beðnir um að fylla út eyðublað sem er á www.jokla.org og senda til Höllu gjaldkera. Mikilvægt er að sótt sé um styrki áður en farið er í framkvæmdir. Hægt er að sækja um styrki fram til 20. ágúst. Stjórn mun taka umsóknir fyrir jafnóðum og þær berast og hafa til hliðsjónar forgangslista sem unninn er í samráði við leigutaka. Verklagsreglur fyrir styrkveitingar er að finna á heimasíðu félagsins.

Fiskræktaráætlun

Veiðifélagið hefur skilað fiskræktaráætlun til næstu fimm ára til Fiskistofu og bíður hún staðfestingar. Áætlunin er frábrugðin þeirri síðustu þar sem árlegar rannsóknir á seiðabúskap Jöklu hafa síðustu ár sýnt að öflug náttúruleg hrygning er komin í ána. Því verður næstu 5 árin lögð meiri áhersla á gönguseiði í þverám þó að áfram verði sleppt sumaröldum seiðum í Jöklu til að styðja við útbreiðslu laxs í henni. Gert er ráð fyrir að taka 15-20 henga og 30-40 hrygnur í klak á hverju hausti. Sumaralin seiði verði um 30.000, sem sleppt verði á valda staði í Jöklu, en um 50.000 gönguseiðum verði sleppt í tjarnir í Laxá, Fossá og Kaldá.

Tölfræði úr veiðinni

Snævarr Örn Georgsson, veiðileiðsögumaður við Jöklu, hefur tekið saman ýmsar tölfræðiupplýsingar kringum veiðina síðustu ár. Hér getur að líta tvö skemmtileg gröf en fleiri er að finna á heimasíðunni. Hið efra sýnir hlutfall veiddra laxa eftir því hvar þeir veiddust, þ.e. ofan Hólaflúðar, milli Hólaflúðar og Steinboga eða neðan Steinboga. Neðra súluritið sýnir hlutfallið í laxveiðinni milli tiltekinna stærða.



Ódýr veiðileyfi fyrir veiðiréttarhafa

Í leigusamningi við Strengi er ákvæði um það að veiðiréttarhafar skuli eiga þess kost að kaupa veiðileyfi á verði sem nemur að hámarki 10% af markaðsverði. Leigutaka er heimilt að setja þá takmörkun á þessi leyfi að þau séu ekki seld með meira en 3ja daga fyrirvara og fjöldi stangardaga fyrir veiðiréttarhafa sem fara með eitt atkvæði sé ekki meira en 4 stangardagar. Stjórn félagsins hvetur menn til að nýta sér þetta, ekki síst til að kveikja áhuga yngri kynslóða á stangveiði. Áhugasamir snúi sér til Guðmundar veiðivarðar (s. 895-1677) eða Þrastar Elliðasonar (s.660-6890).

Stjórn og nefndir Veiðifélags Jöklu

Stjórn:

Þorvaldur P. Hjarðar, Hjarðarhaga
formaður. hjardar@simnet.is
s. 866-3237

Skúli Björn Gunnarsson, Litla-
Bakka, ritari. skulibg@simnet.is
s. 860-2985

Halla Eiríksdóttir, Hákonarst. 3,
gjaldkeri. hallahakonar@gmail.com
s. 865-0026

Lárus Brynjar Dvalinsson,
Vörðubrún. lallid@live.com
s. 860-2162

Gestur Hallgrímsson, Blöndubakka
blondub@simnet.is
s. 895-8929

Varamenn:

Agnar Benediktsson, Hvanná II
Þorsteinn P. Gústafss., Geirast. 2
Stefanía Karlsdóttir, Grund

Skoðunarmenn:

Sólrún Hauksdóttir
Ragnar Antonsson
Benedikt Arnórsson, til vara

Kjörbréfanefnd:

Benedikt Arnórsson, Hofteigi
Guðmundur Ólason, Hrólfsst.
Þorsteinn P. Gústafss., Geirast. 2

Varamenn:

Benedikt Ólason, Gauksstöðum
Hallgrímur Þórhallsson, Skriðukl.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
fréttabréfs og vefs: Skúli Björn.

MUNUM að rúllubaggaplast
er bæði skaðlegt náttúrunni
og ímynd veiðiár. **RÆKTUM**
ána okkar líka með góðri
umgengni og hirðusemi!

Fréttir á vordögum '24

Veiðin fer hægt af stað þetta árið

Laxveiði hófst í Jöklu 24. júní og hefur aldrei verið byrjað jafn snemma. Eftir kalt vor voru aðstæður hins vegar ekki eins ákjósanlegar og í fyrra. Fyrstu dagana kom því enginn lax á land og vatnavextir í Jöklu með köldu leysingavatni gerðu það að verkum að fiskvegurinn við Steinboga var illfær fyrir fisk. Væðir sjóbirtingar veiddust hins vegar í Laxá og víðar auk þess sem góð sjóbleikjuveiði var í Fögruhlíðarárós. Það var ekki fyrr en um hádegisbil 28. júní sem fyrstu laxarnir náðust í Hólaflúðinni. Sjá mynd á forsíðu. Daginn eftir bættust svo fleiri stórlaxar við og þar af einn 105 cm á Sandlækjarbroti.



Heimadagar í tiltekt og grillsamvera 5. júlí

Þetta árið er ekki boðað til sérstaks tiltektardags á vegum veiðifélagsins enda hefur þátttaka í honum verið dræm síðustu ár. Þess í stað mælist stjórn félagsins til þess að veiðiréttarhafar hugi að heimalöndum sínum þegar þeir hafa tíma, hreinsi rusl við ána og skoði aðgengi eins og hlið og slóða. Þannig breytist tiltektardagurinn í heimadaga tiltektar eins og hverjum hentar.

Stjórn veiðifélagsins ætlar samt í samráði við leigutaka að hafa grillsamveru í Hálsakoti fyrir veiðiréttarhafa. Hún fer fram **föstudaginn 5. júlí kl. 16** og vonandi geta sem flestir litið við og spjallað um málefni Jöklu.



Verður ekkert yfirfall í ár?

Vatnsstaða Háslóns hefur aldrei verið eins lág í lok júní eins og í ár, um 581 m. Það horfir því vel með veiði í Jöklu út ágúst og trúlega allan september líka. Því gæti farið svo að áin yrði veiðanleg allt veiðitímabilið þar sem hverfandi líkur eru á yfirfalli nema miklir hitar og sólríkir dagar taki við það sem eftir er sumars.



Heimasíðan www.jokla.org

Vefslóð veiðifélagsins www.jokla.org. Þar eru gögn aðgengileg og miðlað upplýsingum um starfsemi félagsins, rannsóknir og veiði.